

EFTIRLITSSKÝRSLA

Múlaþing (áður Borgarfjarðarhreppur) Brandsbolum



Dags eftirlits	8.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Múlaþing (áður Borgarfjarðarhreppur)	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660220-1350	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Aspar Stefánsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	739418,151 568593,816

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit, varðar það móttöku úrgangs sem ekki fellur undir heimildir starfsleyfis. Engar ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Múlaþings að Brandsbolum í Borgarfirði eystra í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili hefur heimild til að taka á móti óvirkum og blönduðum heimilisúrgangi, allt að 200 t á ári. Útgáfudagur starfsleyfis var 20. mars 2020 og er gildistími þess til 20. mars 2036.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð á urðunarstað

Árið 2023 voru urðuð um 117,4 t af úrgangi á urðunarstaðnum á Brandsbolum. Af því tilheyrir 57% blönduðum byggingar- og niðurrifsúrgangi, 25% blönduðum úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum og 18% af lífúrgangi (dýrahræ, slátur- og fiskúrgangur). Engum úrgangi var hafnað á árinu.

Í eftirliti ársins 2023 var sett frávik þar sem vantaði inn mælingar á samsetningu yfirborðvatns, magni yfirborðsvatns og stöðu grunnvatns sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skilaði inn niðurstöðum fyrir mælingu á samsetningu grunnvatns ofan urðunarstaðar (BF2) og mælingu á samsetningu yfirborðsvatns á sýnatökustað í læk fyrir neðan urðunarstað (BF1). Ekki var hægt að taka sýni í brunni neðan urðunarstaðar (BF3) þar sem hann var þurr. Engar athugasemdir eru gerðar vegna niðurstaðna úr mælingum úr sýnatökum sem skilað var. Í úrbótaáætlun rekstraraðila komu fram tillögur um að reyna að skipuleggja sýnatökur með tilliti til veðurfars. Verður staðan metin við næstu skil ársyfirlits.

Við vettvangsskoðun á urðunarstað var til staðar stórt málmkar sem lá á hlið og innihélt jarðvegsefni sem bundið hefur verið biki. Erfitt er að leggja mat á það sjónrænt í hversu miklu magni eða hvort koltjoru hafi verið bætt út í efnið. Tilheyrir slíkt efni flokki 17 03 í viðauka I í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Fer það eftir því hvort koltjara eða tjargaðar vörur séu blandaðar í efnið hvort um ræðir spilliefni. Engu að síður fellur þessi flokkur ekki undir þær móttökuheimildir sem fjallað er um í starfsleyfi. Ber rekstraraðila að fjarlægja úrganginn af urðunarstað og koma honum í réttan farveg í förgun eða endurnýtingu.

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

grein 1.2 í starfsleyfi

Á urðunarstað var til staðar jarðvegsefni bundið biki, sem samræmist ekki móttökuskilyrðum starfsleyfis (sjá nánar umfjöllun í skýrslu).

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir